

Hvatningarsjóður fyrir unga hönnuði og listamenn-umsóknir 2022.

Menningarfulltrúi Ólöf Breiðfjörð ásamt fulltrúum úr Ungmennaráði Garðabæjar þeim Írisi Lind og Valgerði Eyju funduðu fimmtudaginn 19. Maí kl. 13 í Sveinatungu og ályktuðu umumsóknir í Hvatningarsjóð fyrir unga hönnuði og listamenn árið 2022.

Niðurstaðan er þessi:

- Ásta Dóra Finnsdóttir: fædd 2007. Afreksnemandi í píanóleik. Hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og sinfóníuhljómsveit í Úkraínu en hún nemur píanóleik á Íslandi hjá Peter Maté og í Noregi hjá virtum píanókennara. Ferðakostnaður og kennslukostnaður er verulegur en hún sækir jafnframt keppnir og tónleikahátíðir. Ásta Dóra á möguleika á að verða atvinnueinleikari og lagt er til að hún fái hæsta mögulega styrk á vegum menningar og safnanefndar eða 200.000.
- Júlía Kolbrún Sigurðardóttir og Linde Hanna Rongen: fæddar 1999 og 1998. Með háskólagráður í nútímadansi. Sækja um styrk til að raungera verkefni sem unnið verður í Skapandi sumarstörfum. Sækja um styrk fyrir efniskaupum en dansverk þeirra sem þær hyggjast sýna á götum/torgi í Garðabæ og fyrir eldri borgara inniheldur þróun á teikningum og málverkum sem sýnd verða á lokasýningu. Sækja um 200.000 en við leggjum til að þær verði styrktar um 150.000 þar sem verkið er unnið á vinnutíma.
- Tinna Margrét Hrafnkelsdóttir: fædd 2003. Sækir um styrk til að taka upp frumsamið lag. Hefur verið ansi áberandi sem tónskáld og söngkona og leikkona í Garðabæ og í sumarstarfi við að undirbúa framhaldsstigspróf sitt í söng. Sækir um styrk uppá 250.000 en það er fyrir upptökum og hljóðfæraleik, hljóðblöndun ofl. Leggjum til að styrkurinn nemi 150.000 kr.
- Snorri Beck Magnússon: fæddur 2001. Sækir um styrk til að halda áfram að þróa og kynna Cristal Baschet sem er hljóðfæri sem hann hefur smíðað og hannað sjálfur. Snorri er í námi í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands og vakti athygli fyrir tónsmíð sína sem samin var fyrir hljóðfærið en það var m.a. flutt í útvarpsþætti á Rúv. Snorri mundi kynna og spila á hljóðfærið fyrir Garðbæinga og fá tækifæri til að semja og þróa. Styrkupp hæð sem lögð er til er 200.000 en samróma álit menningarfulltrúa og fulltrúa Ungmennaráðs er að Snorri Beck sé eftirtektarverður tónlistarmaður og frumkvöðull á sviði hljóðfærasmíði.
- Katrín Björg Pálsdóttir: fædd 1999. Er að ljúka námi í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. Sækir um styrk fyrir hóp ungra hönnuða sem er að setja á laggirnar vefsíðu sem aðstoðar unga hönnuði að markaðssetja sig. Sækja um ansi háan styrk sem rökstutt er með ítarlegri kostnaðaráætlun. Lagt til að verkefnið fái 200.000 kr. styrk enda um mikilsvert framtak að ræða sem aðstoðar unga hönnuði að kynna sig.

- Sólrún Arnarsdóttir: fædd 1997. Að ljúka námi í textílhönnun frá London. Sækir um styrk til að þróa og rannsaka gripi úr sveppaefnum. Framhald af verkefni sem hún vann í BA námi sínu sem hún hefur hug á að vinna lengra en einnig að setja fram pop-up bar með íslensku spirulina. Lagt til að Sólrún haldi erindi fyrir t.d. skapandi sumarstörf og að pop-up bar verði í tengslum við uppkomu Snorra Beck. Styrkupphæð sem lögð er til 200.000.
- Jasmín Eva Sigurðardóttir: fædd 2005. Fyrsta árs nemi í MH. Sækir um styrk fyrir myndlistarsýningu með ljóðum og sögum. Mundi sýna á Garðatorgi og sækir um styrk fyrir efniskostnaði. Styrkupphæð: 100.000.
- Anna Ólöf Jansdóttir: fædd 1999. Sækir um fyrir hóp ungra kvenna sem hafa huga á að halda áfram að vinna saman en þær voru í Skapandi sumarstörfum á síðasta ári. Ljóðakvöld í Gróskusal vakti athygli en þær tengja saman ljóð, tónlist og myndlist. Þær vilja halda viðburði fyrir ungt fólk þar sem ljóð og lög verða flutt. Garðabær getur lagt til Gróskusal en styrkupphæð sem lögð er til er 150.000 enda vanti slíka viðburði í Garðabæ (sækja um 278.000 en ætla líka að hafa viðburði í Reykjavík)
- Sigríður Ósk Hrafnkelsdóttir: fædd 1999. Sækir um styrk til að auðga bæjarlífið með söng fyrir almenning, fyrir eldri borgara ofl. Sigga Ósk ætlar að gleðja bæjarbúa með fallgum söng og framkomu sinni og samróma álit að styrkupphæð verði 150.000.
- Jóhanna M. Tryggvadóttir sækir um styrk fyrir hönd nemenda í FG. Sótt um 70.000 fyrir efniskostnaði og uppsetningu vegna lokasýningar nemenda í teikningu/myndlist. Samþykkt enda vert að styðja við nemendur á þessu sviði í Garðabæ.
- Íris Bjarnadóttir sækir um fyrir hönd nemenda í fata- og textílhönnun í FG. Sýning á lokaverkefni fer fram í maí í skólanum en verkefni sem þessi hafa áður verið styrkt. Sótt um 70.000. Samþykkt enda vert að styðja við nemendur á þessu sviði í Garðabæ.